



## Grand Prix mót Borðtennisdeildar KR og Keldunnar 5. október 2019

### U21 árs mót Borðtennisdeildar KR 5. október 2019

Borðtennisdeild KR heldur Grand Prix mót og mót í U21 árs flokki laugardaginn 5. október 2019 í Íþróttahúsi Hagaskóla við Neshaga 3 (miðinngangur). Keppni hefst kl. 13.00.

#### Keppnisflokkar í Grand Prix mótinu:

kl. 13:00 Opinn flokkur karla

kl. 13:30 Opinn flokkur kvenna

Átta efstu keppendurnir í mótinu fá stig í Grand Prix mótarað Borðtennissambands Íslands.

#### Keppnisflokkar U21 árs mótinu:

kl. 15:00 U21 árs flokkur karla (fæddir 1999 og síðar)

kl. 15:30 U21 árs flokkur kvenna (fæddar 1999 og síðar)

#### Fyrirkomulag keppni

Leikið er með einföldum útslætti bæði á Grand Prix mótinu og í U21 árs mótinu og þarf fjórar unnar lotur til að vinna leik. Leikið verður í B-keppni fyrir þá sem tapa fyrsta leik. Raðað verður í töflu samkvæmt keppnisreglum eftir nýjasta styrkleikalista BTÍ. Leikið verður á Stiga expert borðum með hvítum 3ja stjörnu plastkúlum. Mælst er til þess að leikmenn leiki í búningum síns félags.

Verðlaun verða veitt fyrir fjögur efstu sætin í hvorum flokki en í B-keppni eru aðeins veitt verðlaun fyrir sigur.

**Þáttökugjald:** Í Grand Prix mótið er gjaldið 1.500 kr. Í U21 árs mótið er gjaldið 1.000 kr. Hægt er að greiða keppnisgjaldið á keppnisstað í reiðufé eða með millifærslu á bankareikning Borðtennisdeildar KR og skal skrifað í athugasemd fyrir hvaða leikmann er verið að greiða. Ef er greitt fyrirfram skal senda tölvupóst með nafni og kennitölu þáttakanda sem greitt er fyrir á netfangið [borðtennisdeildKR@gmail.com](mailto:borðtennisdeildKR@gmail.com). Bankareikningur: 0137-26-008312, kennitala 661191-1129.

Skráning fer fram á vef Tournament Software (<http://www.tournamentsoftware.com>) til kl. 22 miðvikudaginn 2. október 2019. Setja skal kennitölu sem „Member ID“. Ef ekki gengur að skrá sig á vef Tournament Software má senda skráningu til mótsstjórnar fyrir kl. 22

miðvikudaginn 2. október. Á vef BTÍ ([www.bordtennis.is](http://www.bordtennis.is)) eru leiðbeiningar um stofnun reiknings og skráningu á Tournament Software. Þeir, sem hafa áður stofnað reikning til að skrá sig á mót geta notað hann aftur.

**Kennitölur skulu fylgja öllum skráningum í samræmi við keppnisreglur BTÍ!**

Dregið verður í Íþróttahúsi Hagaskóla fimmtudaginn 3. október klukkan 19:00. Eftir að dregið hefur verið í mótið verður ekki bætt við keppendum, nema að um sannanleg mistök mótstjórnar sé að ræða. Drátturinn verður birtur á vef Tournament Software.

Mótstjórn:

Ásta M. Urbancic, gsm. 895 96 93, [astaurb@gmail.com](mailto:astaurb@gmail.com)

Guðrún Gestsdóttir, gsm. 896 4849, [ggests@gmail.com](mailto:ggests@gmail.com)

Magnús Stefánsson, gsm. 865 3884, [magnus.stefansson@gmail.com](mailto:magnus.stefansson@gmail.com)

Yfirdómari: Hannes Guðrúnarson.

Fyrir hönd Borðtennisdeildar KR

Ásta M. Urbancic